

Alþingi
Erindi nr. P 130/597
komudagur 10.12.2003

Sent: 10. desember 2003 11:32

To: Eva Margrét Ævarsdóttir

Subject: Svör við spurningum vegna frv. til laga um verndun hafs og stranda. Kv. SSæm

Á fundi umhverfisnefndar 27. nóvember sl. svar spurt um nokkur atriði, vegna frumvarps til laga um verndun hafs og stranda:

1. Dæmi um viðbragðslista vegna bráðamengunar - sjá viðhengi.
2. Samræmingu milli laga um vaktstöð siglinga og 12. gr. frumvarpsins

Svar:

Haft var samband við Landhelgisgæsluna og fram kom að stofnunin er afar sáttt við frumvarp um verndun hafs og stranda og telur það vera til mikilla bóta. Eins og segir í vaktstöðvarlögum þá er tilgangurinn með þeim m.a. að efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Vaktstöðin er ekki framkvæmdaraðili á hafinu og því getur hún eingöngu komið skilaboðum áleiðis til þeirra aðila sem sjá um að framkvæma það sem gera þarf. Í vaktstöðvarlögum er gert ráð fyrir tilkynningum vegna flutnings hættulegs eða mengandi varnings en ekki kveðið á um tilkynningu um losun, varp og mengun. Tilkynningarskylda skv. 12. gr. frumvarps til laga um verndun hafs og stranda er mun ítarlegri en kveðið er á um í vaktstöðvarlögum. Þessi tilkynningarskylda þjónar þeim tilgangi að Landhelgisgæslan hafi ávallt sem gleggstar upplýsingar svo að viðbrögð geti orðið sem skjótust ef slys ber að höndum. Hjá Landhelgisgæslunni er vakt allan sólarhringinn og stöðug samskipti við skip á hafi úti. Samskiptin felast bæði í að senda skipum upplýsingar og taka við lögboðnum tilkynningum af ýmsu tagi. Landhelgisgæslan þarf því engan millilið til að taka við og miðla tilkynningum varðandi mengunarmál. Hins vegar er ekkert að því að báðum aðilum séu sendar tilkynningar. Þetta er t.d. mjög algengt í reglugerðum varðandi fiskveiðimálefni en þar eru gjarnan ákvæði um að senda beri bæði Fiskistofu og/eða sjávarútvegsráðuneytinu og Landhelgisgæslunni upplýsingar.

3. Mat umhverfisráðherra á kostnaðarmati FMR.

Svar:

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við það kostnaðarmat sem fyrir liggur, enda frumvarpið lagt fram sem stjórnarfrumvarp

4. Kostnaður atvinnulífsins vegna 16. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um hlutlæga ábyrgð og töku váttrygginga.

Svar:

Allur sá atvinnurekstur á landi sem falla mundi hér undir er með tryggingar sem ættu að ná yfir þetta tryggingarumhverfi samkvæmt upplýsingum Sambands íslenskra tryggingarfélaganna. Hvað varðar útgerðina er það að segja að tiltölulega fá skip myndu falla hér undir. Þar yrði um að ræða olíuskip sem dreifa olíu innanlands fyrst og fremst en aðrir olíuflutningar til landsins fara fram á vegum erlendra aðila sem yrðu að taka þessar tryggingar. Skip sem flytja eitrefni og hættuleg efni eru með sérstakan búnað til þess og eru þegar tryggð.

Þegar komið er á hlutlægi bótareglu og váttryggingaskyldu er viðbúið að bótakröfum fjölgi þar sem um er að ræða ábyrgð án sakar þar sem kröfuhafi þarf ekki að sanna að um saknæmt atferli hafi verið að ræða þ.e.a.s. sök eða gáleysi. Í því tilviki má benda á lög um sjúklingatryggingar sem byggja á svipaðri hugmyndafræði en kröfum vegna ýmiss konar mistaka í heilbrigðiskerfinu hefur fjölgað eftir tilkomu þeirra. Eftir sem áður þarf hins vegar að liggja fyrir sönnun um orsakatengsl þ.e. að tjón hafi orðið af völdum þeirrar starfsemi sem um er að ræða. Nánar er fjallað um hlutlæga bótaábyrgð frumvarpsins í meðfylgjandi fylgiskjali.

Engin leið er að meta fyrirfram hvaða kostnaðaráhrif fjölgun bótakrafa hefur í för með

(See attached file: Skagafjörður 2003.doc)

(See attached file: Skagafjörður 2003.doc)

(See attached file: Hlutlæg ábyrgð.doc)

Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 16. gr.-hlutlæg skaðabótaábyrgð

Í frumvarpi til laga um verndun hafs og stranda er lagt til að lögfest verði hlutlæg skaðabótaábyrgð mengunarvalds sem valdur er að bráðamengunartjóni sé mengunin af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I með frumvarpinu. Lagt er til að bótaábyrgðin verði takmörkuð við 1 milljón SDR.

Meginregla skaðabótaréttar er sakarábyrgð og er því um að ræða undantekningu frá þeirri reglu. Á sviði umhverfisréttar hafa verið ýmsar fræðigreinar þar sem fram kemur sú skoðun að almennar skaðabótareglur veiti ekki nægilega vernd þegar um er að ræða mengunartjón, sjá t.d. dr. Björn Stordrange: Erstatning for frourensningkader, Utvalgte artikler í miljørett II, Oslo 1994. Þar kemur fram að þegar árið 1974 var hafin skoðun á því í Noregi að lögfesta hlutlæga bótareglu vegna mengunartjóns. Árið 1989 tóku svo gildi lagaákvæði um hlutlæga bótaábyrgð í norskum lögum. Jafnframt verið sett sérstök lög í Danmörku um ábyrgð vegna umhverfistjóns. Á ráðstefnu Europäische rechtsakademie (ERA) í Trier fyrr á þessu ári kom fram að í flestum ríkjum Evrópusambandsins hafa verið settar sérstakar reglur um ábyrgð vegna umhverfistjóns.

Í 24. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, nr 18/1996, er sambærilegt ákvæði og í fyrirliggjandi frumvarpi til laga um verndun hafs og stranda en það er svohljóðandi:

„Sá sem ábyrgð ber á afmarkaðri notkun, sleppingu og dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera samkvæmt lögum þessum er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.“

Í grein Guðnýjar Björnsdóttur, lögfræðings hjá Sjóvá-Almennum og birtist í 2. tbl. Útljóts árið 1999 kemur fram sú skoðun að, með samningi frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sem var veitt lagagildi með lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979, felist hlutlæg ábyrgð á mengunartjóni utan skipsins af völdum olíu sem lekið hefur eða verið losuð úr skipinu. Tilteknar reglur eru í samningum um takmörkun á ábyrgð sem gerð er grein fyrir í greininni, kafla 2.2.1. Í grein Guðnýjar er jafnframt fjallað um fleiri lagaákvæði um sem telja megi til bótareglna vegna mengunartjóns. Umfjöllun Jonas Ebbeson í ritinu Internatinnell Miljörätt, Uppsala 1993, bls. 130-131 styður framangreinda skoðun Guðnýjar að verulegu leyti. Í frumvarpi til laga um verndun hafs og stranda er lagt til að skýrt verði kveðið á um hlutlæga ábyrgð vegna mengunartjóns sem stafar af völdum flutnings á olíu, eiturefnum og hættulegum efnum. Bein tengsl eru milli þeirrar tillögu og framangreinds samnings. Jafnframt er unnið að tillögu til fullgildingar á Alþjóðasamningi frá 1996 um skaðabótaskyldu og skaðabætur í tengslum við flutning hættulegra efna og eiturefna sjóleiðis. Orðalag þessar tveggja samninga um skaðabótaábyrgð er sambærilegt að mati ráðuneytisins.

Ráðuneytið telur að tímabært sé að kveða skýrt á um bótaábyrgð vegna bráðamengunartjóns á hafi. Ráðuneytið telur að þegar um svo hættulegan varning og starfsemi sem um ræðir í 16. gr. frumvarpsins sé að ræða veiti almennar skaðabótareglur ekki næga vernd fyrir umhverfið.

SÍMSKRÁ VEGNA MENGUNARÓHÖPPA

SVÆÐI 3

NORÐURLAND

SKAGAFJÖRÐUR

		Vs.	Hs.	Fax	Farsími	Tölvupóstfang	Rás
1.	HAFNARSKRIFSTOFAN	453 5169		453 5248	861 3478	gss@skagafjordur.is	12
	Hafnarstjóri Ársæll Guðmundsson	455 6000	453 5588	455 6001	895 2256	arsaell@skagafjordur.is	
	Hafnarvörður Gunnar S. Steingrímsson	453 5169	453 5911	453 5248	861 3478	gss@skagafjordur.is	
2.	LÖGREGLAN	455 3366		455 3363		varostjori,saudarkrokur@tmd.is	
	Björn Mikaelsson, yfirlögregluþjónn	455 3360	453 6112		892 1609	bjorn.mikaelsson@tmd.is	
	SLÖKKVILIÐ	453 5425		453 6062		brunaskag@skagafjordur.is	
	Óskar S. Óskarsson, slökkviliðsstjóri	453 5425	453 6112	453 6062			

	UMSJÓNARMENN MENGUNARVARNAÞUNADAR						
	UMSJÓNARMENN MENGUNARVARNAÞUNADAR						
	Akureyri Héðinn Mari Kjartansson	460 4200		460 4209	899 9938		
	Sauðárkrókur Gunnar S. Steingrímsson	453 5169	453 5911	453 5248	861 3478	skrhofn@simnet.is	
	Siglufjörður Sigurður H. Sigurðsson	467 1237	467 1121	467 2038	891 8716	hofnin@siglo.is	
	Þórshöfn Steinn Karlsson			468 1101	862 5198		
	BÆJARYFIRVÖLD						
	Bæjarstjóri Ársæll Guðmundsson	455 6000	453 5588	455 6001	895 2256	arsaell@skagafjordur.is	
	Áhaldahús Gunnar Pétursson, verkstjóri	453 5257	453 6702	453 6267	894 7466	shusgp@skagafjordur.is	
	Bæjarstarfsmenn Sigurgeir Angantýsson, verkstjóri	453 5257	453 5688	453 6267			
	Almannavarnanefnd	453 6060					
	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Sauðárkróki	453 5400		453 7998	893 0919	sigurjon@skagafjordur.is	
	BJÖRGUNARSVEIT, Skagfirðingasveit	453 5850		453 6650			
	OLÍUFÉLÖG						
	Olíudreifing ehf, neyðarnúmer	552 6900		550 9999			
	ODR. Bifreiðarstjóri Ólafur Björnsson	455 6600	453 8209		853 1505		
	Skeljungur hf, neyðarnúmer	560 3999		560 3801			

FLUTNINGSADILAR						
RÍKISSTOFNANIR						
UMHVERFISSTOFNUN		591 2000		591 2010		umhverfisstofnun@ust.is
Eyjólfur Magnússon		591 2000	557 4879	591 2010		eyjolfur@ust.is
Helgi Jensson		591 2000	562 6494	591 2010	862 0340	helgij@ust.is
Egill Einarsson		591 2000	586 2157	591 2010		egill@ust.is
Stefán Einarsson		591 2000		591 2010		stefane@ust.is
ALMANNAVARNIR RÍKISINS		551 1150		562 2665	896 1115	avrik@avrik.is
LANDHELGISGÆSLAN (stjórnstöð)		545 2100		545 2001		
SIGLINGASTOFNUN ÍSLANDS		560 6000		560 0060		
NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN		590 0500		590 0595		
UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ		545 8600		562 4566		

SVÆÐISRÁÐ, NORÐURLANDS						
Hörður Blöndal	Akureyri	460 4200		460 4209		hordur@port.is

SVÆÐISRÁÐ, formenn						
Hallur Árnason	Reykjavík	552 8211	567 0224	552 8990	552 8211	hallur@reykjavikurhofn.is
Guðmundur Kristjánsson	Ísafjörður	456 3295		456 4523	892 4804	hafnarstjori@isafjordur.is
Hörður Blöndal	Akureyri	460 4200		460 4209		hordur@port.is
Rúnar Sigurjónsson	Reyðarfirði	474 1305	474 1142	474 1456		reydhofn@simnet.is
Ólafur Kristinsson	Vestmannaeyj	481 1192	482 2108	481 3115	481 1192	omk@eyjar.is

FJÖLMÍÐLAR upplýsingar veittar						
Hafnarstjóri						